



SKN-13	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2019		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		
<b>Fundargerð Skólanefndar # 13</b>		
<b>27. ágúst 2019</b>		

<b>Mættir:</b>	Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Hjördís Einarsdóttir aðstoðarskólameistari, Elísabet H. Guðmundsdóttir fjármálastjóri.
<b>Forfallaðir:</b>	Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra, Sigríður fulltrúi nemenda.
<b>Staður:</b>	<b>Fundarherbergi N-101</b>
<b>Tími:</b>	<b>Kl. 12:00-13:00                      Dags.: 27. ágúst 2019</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	<p>Flosi formaður skólanefndar, setur fundinn kl. 12:06 og býður velkominn nýráðinn skólameistara og lýsir yfir að skólanefnd hlakki til samstarfs við hann.</p> <p>Gerður fulltrúi kennara gerir athugasemd við að áheyrnarfulltrúar hafi ekki verið boðaðir til skólanefndarfundar þar sem farið var yfir umsóknir um stöðu skólameistara og umsögn veitt. Flosi fer yfir að fundarboðun hafi verið í samræmi við ráðleggingar frá Menntamálaráðuneytinu.</p> <p>Flosi óskaði eftir því að nýir stjórnendur skólans væru boðaðir á fundinn til þess að skólanefndin sé þeim málkunnug. Hjördís gegnir starfi aðstoðarskólameistari í fjarveru Helga og Elísabet var ráðin fjármálastjóri skólans á vordögum.</p> <p><b>Upphaf haustannar og nýr skólameistari</b></p> <p>Guðríður segir frá sjálfri sér og hvernig fyrstu dagar skólaársins hafa verið.</p> <p>Afreksbrautin fer afar vel af stað. Samtal hefur átt sér stað við íþróttafélögin um að þau útvegi þjálfara o.s.frv. Ekki er víst að skólagjöldin standi undir kostnaði við brautina en staðan verður tekin um áramótin.</p> <p>Það verður lögð aukin áhersla á gæslu á nýnemaballinu í ár. Skólameistari og aðstoðameistari verða báðar viðstaddar auk fleiri kennara en vanalegt er. Þá hefur verið óskað eftir viðveru</p>	<p><b>FE</b></p> <p><b>GEA</b></p>	<p><b>10 mín.</b></p> <p><b>20 mín.</b></p>

SKN-13	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2019		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2		
<b>Fundargerð Skólanefndar # 13</b>		
<b>27. ágúst 2019</b>		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>lögreglunnar.</p> <p>Ferðamálastjórnendur skólans stendur ekki undir kostnaði eins og staðan er. Aðsókn hefur hrunið og þörf er á endurskipulagningu námsins. Mörg tækifæri eru til úrbóta.</p> <p>Hótel- og matvælastjórnendur skólans fer vel af stað og aðsókn er mikil.</p>		
<b>2.</b>	<b>Kynning á nýjum stjórnendum</b>	<b>FE</b>	<b>16 mín.</b>
	<p>Hjördís og Elísabet kynna sig og fara yfir þeirra upplifun af starfinu hingað til og þeirra sýn á næstu skref.</p> <p>Skólanefndin biður Hjördísi og Elísabetu velkomnar til starfa.</p>		
<b>3.</b>	<b>Önnur mál</b>	<b>FE</b>	<b>13 mín.</b>
	<p>Flosi leggur til að skólanefndin fundi á haustdögum ásamt lykilstjórnendum skólans til að fara yfir stöðu skólans, starfið hingað til og hvernig framtíðarsýn skólans skuli vera auk þess að ræða samskipti skólans við iðngreinarnar. Flosi og Guðríður munu finna hentugan fundartíma. Stefnt er að því að funda í október.</p>		
<b>4.</b>	<b>Fundi slitið:</b> Formaður sleit fundi kl.13:00	<b>FE</b>	<b>1 mín.</b>

*Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir*